

Fundargerð háskólaráðs
368. fundur fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl. 13:30-16:00
Fundarherbergi 262, Borgum

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:43.

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins
Guðmundur Kr. Óskarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins
Elvar Jónsson, varafulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors
Hjörleifur Einarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins í stað Hermínu
Gunnþórsdóttur, sem vék af fundi við afgreiðslu 3. liðar

Gestir:

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson, forstöðumaður fjármála
Finnur Friðriksson, dósent, kennaradeild

Mætti ekki og boðaði ekki forföll:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar, mál til kynningar

1509055

Fundargerð 367. fundar lögð fram til samþykktar. Fundargerð samþykkt og undirrituð án athugasemda.

Mál til kynningar:

- Rektor kynnti drög að stefnu menntamálaráðuneytis í málefnum háskóla og dreifði yfirlitsblaði um helstu þætti í stefnu ráðuneytisins. Rektor upplýsti háskólaráð einnig um fyrirhugaðan samráðsfund í ráðuneytinu, með öllum rektorum, sem fyrirhugaður er föstudaginn 22. janúar 2016.
- Samtal við Háskólann á Hólum. Gert ráð fyrir fundi á Hólum í mars.

2. Rekstraryfirlit 2015 – Rekstraráætlun 2016

Drög að kostnaðargreiningu v/jafnréttisáætlunar (málsnr. 1206025) - gögn lögð fram en afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Úlfar skýrði frá niðurstöðu rekstrar 2015. Gert er ráð fyrir að reksturinn haldi jafnvægi og útkoman verði í kringum núllið. Lítur út fyrir að kjarasamningar 2015 verði nokkurn veginn bættir. Rektor vakti athygli á að stofnanasamningar séu óvissuþáttur þar sem að þeir séu í raun gerðir að hluta miðlæga sammingsins en engin vissa um fjármögnun slíkra samninga fylgir undirskrift. Rektor benti á þetta í samskiptum við ráðuneyti menntamála og fjármála í desember 2014 en fékk ekki önnur svör en þau að svona væri þetta.

Rekstraráætlun 2016 - heildarfjárveiting 1843,1 milljónir, skv. fjáralagafrumvarpi, inni í því voru 25 milljónir í tölvunarfræðinám við HR, sem var tekið út úr í áætlanagerð þar sem gert er ráð fyrir beinum kostnaði sem samsvarar þessum tekjum. Það sem upp á vantar í áætluninni (11 milljónir) þannig að reksturinn haldist í jafnvægi var tekið af óráðstöfuðu fé og sú upphæð lækkuð úr rúmlega 20 milljónum króna í 10 milljónir. Úlfar dreifði rekstraráætlun 2016.

Áætlunin hefur verið kynnt fyrir menntamálaráðuneytinu.

Rektor telur vanefndir vegna kjarasamninga vera í kringum 20 milljónir og þar fyrir utan vanti 40 milljónir inn í reksturinn á móti einskiptis fjárveitingu sem fékkst inn í 2. umræðu. Hann telur einnig að skólinn sé enn í ramma kreppufjárlaga og því vanti í raun 140 milljónir til að skólinn standi jafnfætis öðrum. Í reksturinn vanti því um 200 milljónir samtals. Ef miðað er við OECD meðaltal vantar 300 milljónir, en 600 milljónir ef horft er á meðaltal Norðurlandanna, en fram kemur í stefnu Vísinda- og Tækniráðs að stefna eigi að því sem markmiði fyrir árið 2020. Miðað við stefnu ráðuneytisins á að ná þessu markmiði með því að fækka nemendum og því er ekki líklegt að skólinn fái þessi fjárframlög sem til þarf til að standa undir rekstri og uppbyggingu og þróun skólans. Það er því líklegt að grípa þurfi til einhverra ráðstafana eða aðgerða svo skólinn passi inn í þann fjárhagsramma sem stjórnvöld virðast ætla honum.

Umræður sköpuðust um fjárlög og fjárhagsrammann sem stjórnvöld setja skólanum og hvaða úrræði skólinn mögulega hefur.

Háskólaráð samþykkir rekstraráætlun 2016.

3. Rannsóknamisseri

1512015

Hjörleifur Einarsson kemur inn á fundinn til að taka fyrir tillögu að úthlutun rannsóknamissera á hug- og félagsvísindasviði (Hermína er umsækjandi um rannsóknamisseri og tekur því ekki þátt undir þessum lið), skv. fyrirlögðum gögnum. Háskólaráð samþykkir tillögu að úthlutun rannsóknamissera á hug- og félagsvísindasviði

miðað við tillögu skv. fyrirbyggjandi gögnum um það hvernig kennsla verður leyst skv. forseta hug- og félagsvísindasviðs.

Hjörleifur yfirgefur fundinn og Hermína kemur aftur inn.

Háskólaráð samþykkir tillögu að úthlutun rannsóknamissera fyrir viðskipta- og raunvísindasviðs miðað við tillögur og fyrirbyggjandi gögn frá starfandi forseta viðskipta- og raunvísindasviðs um það hvernig kennsla verður leyst.

Háskólaráð samþykkir tillögu að úthlutun rannsóknamissera Áróunar K Sigurðardóttur og Sigrúnar Sigurðardóttur við heilbrigðisvísindasvið. Leyfi Sigríðar Halldórsdóttur er veitt með þeim fyrirvara að stjórnunarskyldur hennar sem formanns framhaldsdeildar verði leystar í samráði við rektor og sviðsforseta svo viðunandi sé.

Háskólaráð samþykkir að rektor vinni tillögur að því að veita rannsóknamisseri fyrir nýdoktora eða starfsfólk sem er í doktorsnámi og er langt komið, skv. 4. gr. reglna um rannsóknamisseri til að auka rannsóknir og fjölga starfsfólki með doktorsgráðu fyrir árið 2017. Rektor leggur fram tillögur í febrúar varðandi þetta.

4. Fundir háskólaráðs á vorönn

Lagt til að fundir háskólaráðs verði áfram þriðja fimmtudag í hverjum mánuði. Næstu fundir háskólaráðs verða því 18. febrúar, 17. mars, 20. apríl, (þar sem sumardagurinn fyrsti kemur upp á þriðja fimmtudegi í apríl), 19. maí og 16. júní.

5. Endurskoðun reglna um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri

1601049

Málinu frestað til næsta fundar.

6. Breyting á skipulagsskrá Végeirsstaða

1009015

Rektor kynnti fyrirhugaða breytingu á skipulagsskrá Végeirsstaðajóðs skv. fyrirbyggjandi gögnum. Háskólaráð samþykkir breytta skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs.

7. Vinnulag nýrrar framkvæmdastjórnar

Rektor kynnti vinnulag nýrrar framkvæmdastjórnar, eftir að fjármálastjóri og gæðastjóri tóku þar fast sæti með nýsamþykktri breytingu á skipan framkvæmdastjórnar. Vinnufundir framkvæmdastjórnar haldnir í hverri viku, en formlegir afgreiðslufundir haldnir þriðja þriðjudag í hverjum mánuði.

8. Önnur mál

- **Nýtt skipulag í kennaradeild**

Finnur Friðriksson dósent við kennaradeild kom á fundinn (kl. 15) og kynnti endurskipulag á uppbyggingu náms í kennaradeild (þar inn í nýtt íþróttafræðináms).

Fyrsta ár að mestu sameiginlegt, fyrir utan eitt námskeið sem er sérhæft fyrir hverja námsleið (leikskóla-, grunnskóla-, íþróttafræði-). Annað árið mikið sameiginlegt, upb helmingur sameiginlegt og helmingur sérhæft á hverja námsleið, en í íþróttafræði einhver námskeið samnýtt með iðjuþjálfunarfræði.

Í þriðja árinu liggur mesta sérhæfingin og mestur kostnaðarauki vegna íþróttafræðinnar (mest vegna verklegs íþróttafræðináms). Að lokinni B.Ed. gráðu myndu síðan allir nemendur sitja við sama borð (leikskóla-, grunnskóla-, íþróttafræði) - faggreining minnkar, meira komið inn í fræðilega menntunar- og kennslufræði, sértækt eftir skólastigum, leikskóla- grunn- eða framhaldsskólastigi.

Samkvæmt nýju skipulagi er MA-námi svo skipt í fjögur áherslusvið, lestrarfræði, menntunarfræði, stjórnunarfræði og upplýsingafræði. Stærri kjarni (óháð sérhæfingu). Kennsluréttindanáms (diplomanám til kennsluréttinda) verður einnig áfram og tveggja ára diplomanám í leikskólakennarafræði.

Lokaákvörðun um nýtt skipulag þarf að taka á næsta fundi háskólaráðs og þá mun kostnaðarauki liggja fyrir.

Endurskoðun á námsskipulagi kennaradeildar var kynnt fyrir háskólaráði og lýsir háskólaráð yfir ánægju með skipulagið og sérstaklega viðbótina sem felst í íþróttafræðinni. Háskólaráð felur rektor að hefja nú þegar undirbúning að því að hægt sé að innrita í nýtt kennaranám næsta haust (2016) og klára formlega verkferla í tengslum við gæðaráð og yfirlit um kostnaðarauka þannig að unnt verði að leggja málið endanlega fyrir á næsta háskólaráðsfundi.

- Skipun formanns og varafulltrúa í stjórn Rannsóknasjóðs HA
Rektor hefur skipað Ragnar Stefánsson, jarðskjálftafræðing og prófessor emeritus við HA sem formann stjórnar Rannsóknasjóðs HA í stað Ernu Indriðadóttur, sem hætti í stjórninni s.l. haust. Einnig Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri á Húsavík, nýr inn í stjórnina sem varafulltrúi, í stað Kristína Sóleyjar Sigursveinsdóttur, sem hætti í stjórninni á haustönn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:05.